

Pétursson, né að hún hafi átt niðja eða kjörniðja og hefur ekki heldur neitt komið fram um, að hún hafi ráðstafað með arfleiðsluskrá eignum sínum eftir sinn dag. Verður því ekki annað séð en að um eftirlátnar eignir hennar fari beint eftir orðum 8. greinar fyrrgreindra erfðalaga og getur ekki hin sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá, sem fyrir liggur í máli þessu, haft áhrif í gagnstæða átt, þar sem sú arfleiðsluskrá er aðeins ráðstöfun eigna þeirra hjóna innbyrðis.

Samkvæmt þessu þykir því verða að skipta eignum dánarbús þessa að jöfnu milli lögerfingja hvors hjóna um sig.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja í málskostnað kr. 1000.00.

Því úrskurðast:

Eftirlátnum eignum Helgu Halldórsdóttur skal skipt að jöfnu milli lögerfingja hennar og lögerfingja eiginmanns hennar, Ólafs Péturssonar.

Sóknaraðiljar, Kristinn Þorkelsson, Guðrún Þorkelsdóttir og Bentína Þorkelsdóttir, greiði in solidum varnaraðilja, Björgu Pétursdóttur, í málskostnað kr. 1000.00 innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. október 1953.

Nr. 99/1951. **Pétur Ketilsson og Valdimar Þorsteinsson**

(Sigurður Ólason)

gegn

Jóni Guðmundssyni f. h. Hvítaness s/f

(Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. ágúst 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. júlí 1951, krefjast þess aðallega, að þeim verði aðeins dæmt að greiða stefnda kr. 480.00, en til vara, að dómkrafan verði lækkuð samkvæmt gögnum málsins. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda að mati

Hæstaréttar. Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Hér fyrir dómi hafa áfrýjendur haldið því fram, að frá kröfu stefnda beri fyrst og fremst að draga kr. 3808.00, er sé andvirði 544 m af pípum, sem stefndi hafi endurkeypt af áfrýjendum. Gegn neitun stefnda er ósannað, að samningar um slík endurkaup hafi tekizt með aðiljum. Verður þessi frádráttarliður því ekki tekinn til greina.

Þá hafa áfrýjendur krafizt þess, að frá því, sem ógreitt er af þeirra hálfu samkvæmt samningi þeim, er í héraðsdómi greinir, verði enn fremur dregið andvirði „turns“, kr. 1000.00 og andvirði pípnar, er grafnar voru í jörð í Hvítanesi, kr. 2500.00. Þetta hvorttveggja telja þeir, að stefndi hafi selt þeim með framangreindum samningi, en brostið heimildir til sölunnar. Þessi málsástæða fyrir lækkun hinnar umstefndu kröfu kom ekki fram í héraði, og hefur henni verið mótmælt af hálfu stefnda sem of seint fram kominni og órökstuddri. Verður hún ekki tekin til greina.

Samkvæmt því sem nú hefur verið greint og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Þar sem rök skortir gersamlega fyrir áfrýjun máls þessa, þykir rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefnda kr. 2500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Pétur Ketilsson og Valdimar Þorsteins-son, greiði in solidum stefnda, Jóni Guðmundssyni f. h. Hvítaness s/f, kr. 2500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 18. febrúar 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Jón Guðmundsson framkvæmdastjóri, hér í bæ, f. h. s/f Hvítaness, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. jan. 1948, gegn

Pétur Ketilssyni trésmið, Háteigsvegi 4, og Valdimar G. Þorsteinssyni trésmið, Barónsstíg 41, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 7838.00 auk 6% ársvaxta frá 30. júní 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfugerð sinni á þá leið, að hann krafðist vaxta frá 30. maí 1947, og samþykktu stefndu, að hann kæmi þeirri breytingu að.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 30. maí 1947 seldi stefnandi stefndu sameiginlega ýmsar vörur (3 skemmur með pipum o. fl.), sem hann átti að Hvítanesi í Kjós, fyrir samtals kr. 12 250.00. Kvittuðu stefndu fyrir móttöku vara þessara. Þá kveðst stefnandi og hafa selt þeim smurningsolíu fyrir kr. 150.00, blakkfærnis fyrir kr. 50.00 og jarðolíu fyrir kr. 75.00. Hafi því stefndu samtals keypt af honum vörur fyrir kr. 12 525.00. Upp í kaupverðið hafi stefndu greitt kr. 4 687.00 og standi því hin umstefnda fjárhæð eftir.

Stefndu hafa neitað því, að þeir hafi fengið nokkurn blakkfærnis hjá stefnanda og gegn mótmælum þeirra er það ósannað. Lækkar því fjárhæð sú, sem stefnandi telur sig hafa selt stefndu vörur fyrir, um kr. 50.00. Ágreiningslaust er, að stefndu hafa greitt kr. 4 687.00 upp í kaupverð umræddra vara. Nema því eftirstöðvar kaupverðsins aðeins kr. 7 788.00.

Sýknukröfuna reisa stefndu á því, að þeir hafi gert stefnanda tilboð, eftir að þeir höfðu tekið og hagnýtt sér nokkuð af vörunum, um að selja honum eftirstöðvar þeirra fyrir kr. 9 748.00. Stefnandi hafi tekið þessu tilboði og telja þeir sig því eiga hjá honum töluverða fjárhæð í stað þess að skulda.

Stefnandi hefur mótmælt því, að samningar hafi komizt á milli hans og stefndu um endurkaup á eftirstöðvum varanna, og hafa stefndu gegn mótmælum hans ekki sannað þá staðhæfingu sína. Hefur krafa stefndu um sýknu því ekki við rök að styðjast, og verða þá úrslit málsins þau að dæma þer stefndu til að greiða stefnanda eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 7 788.00, með vöxtum, eins og krafizt hefur verið svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum dr. Þorsteini Þorsteinssyni hagstofustjóra og Jóhanni Ólafssyni framkvæmdastjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Pétur Ketilson og Valdimar G. Þorsteinsson, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnanda, Jóni Guðmundssyni f. h. s/f Hvítaness, kr. 7 788.00 með 6% ársvöxtum frá 30. maí 1947 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.